

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 306/2005**2008/EES/35/30**

frá 24. febrúar 2005

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 138/2004 um hagreiðninga landbúnaðarins í Bandalaginu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 138/2004 frá 5. desember 2003 um hagreiðninga landbúnaðarins ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 2. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 138/2004 er sett fram aðferðafræði fyrir hagreiðninga í landbúnaði í Bandalaginu (hér á eftir nefnt aðferðafræði hagreiðninga landbúnaðarins). Í liðum 3.056 og 3.064 í þeim viðauka eru tilgreind dæmi um vörutengda styrki og aðra framleiðslustyrki með tilliti til tiltekinna fjárhagsliða. Nokkur þessara dæma eiga ekki lengur við og nauðsynlegt að uppfæra báða liðina.

- 2) Uppfærsla á aðferðafræði hagreiðninga landbúnaðarins er í verkahring framkvæmdastjórnarinnar.
- 3) Reglugerð (EB) nr. 138/2004 skal því breytt til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um landbúnaðarskýrslur sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 72/279/EBE ⁽²⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 138/2004 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. febrúar 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquín ALMUNIA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 52, 25.2.2005, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2005 frá 30. september 2005 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 66, 22.12.2005, bls. 32.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 33, 5.2.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð. EB L 179, 7.8.1972, bls. 1.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 138/2004 er breytt sem hér segir:

1. Í stað liðar 3.056. komi eftirfarandi:

„3.056. Aðferðin við að meta framleiðslu á grunnverði krefst grundvallaraðgreiningar á vörutengdum styrkjum og öðrum framleiðslustyrkjum. Styrki vegna landbúnaðarafurða ⁽¹⁾ má annaðhvort greiða framleiðendum landbúnaðarafurða eða öðrum rekstraraðilum. Aðeins vörutengdum styrkjum sem greiðast til framleiðenda landbúnaðarafurða er bætt við markaðsverð til framleiðenda til að fá fram grunnverðið. Styrkir vegna landbúnaðarafurða, sem greiðast til annarra rekstraraðila en framleiðenda landbúnaðarafurða, eru ekki færðir í hagreiðinga landbúnaðarins.

¹⁾ Til styrkja vegna landbúnaðarafurða, sem greiðast til framleiðenda landbúnaðarafurða, teljast hvers konar styrkir í formi uppbotargreiðslna til ábúenda (þ.e. í tilvikum þegar hið opinbera greiðir framleiðendum landbúnaðarafurða mismuninn á meðalmarkaðsverði og föstu verði á landbúnaðarafurðum).“

2. Í stað liðar 3.064 komi eftirfarandi:

„3.064. Í landbúnaði eru aðrir styrkir sem tengjast framleiðslunni einkum þessir:

- styrkir vegna launagreiðslna og vinnuafsls,
- greiðsla vaxtabóta (sbr. ESA-’95, c-liður 4.37) til innleindra framleiðslueininga, jafnvel þegar þeim er ætlað að efla fjármunamyndum ⁽²⁾. Þetta eru rekstrartilfærslur sem miða að því að lækka rekstrarkostnað framleiðenda. Í reikningshaldinu er litið á þær sem styrki til þeirra framleiðenda sem njóta ávinnings af þeim, jafnvel þegar stjórnvöld greiða í reynd mismuninn á vöxtunum til lánastofnunarinnar sem veitir lánið (frávik frá greiðsluviðmiðuninni),
- ofgreiðslur vegna virðisaukaskatts sem stafa af beitingu kerfa með flötum virðisaukaskatti (sbr. liði 3.041 og 3.042).
- yfirtaka á framlagi til almannatrygginga og greiðslna á fasteignasköttum,
- yfirtaka á öðrum kostnaði, s.s. aðstoð vegna kostnaðar við einkageymslu á víni og þrúgumusti og frekari geymslu á borðvínnum (ef birgðirnar eru í eigu landbúnaðareiningar),
- ýmsir aðrir framleiðslustyrkir:
- styrkir vegna ræktunarhlés (skyldubundið ræktunarhlé sem miðast við hektara og valfrjálst ræktunarhlé),
- jöfnunarframlag vegna uppkaupa á nýjum ávöxtum og grænmeti út af markaðinum. Þessar greiðslur renna oft til hópa markaðsframleiðenda og skal farið með þær sem styrki til landbúnaðarins þar eð þær eru beinar bætur vegna framleiðslutaps.
- framlag vegna nautgripa til árstíðabundinnar leiðréttingar og víðræktunar,
- styrkir til landbúnaðarframleiðslu á harðbýlum svæðum og/eða fjalllendi,
- aðrir styrkir sem eiga að hafa áhrif á framleiðsluaðferðir (víðræktun, tækni sem miðar að því að draga úr mengun o.s.frv.)
- fjárhæðir sem greiddar eru ábúendum sem bætur fyrir endurtekið tap á birgðum, s.s. á afurðum nytjaplantna eða búfjár, sem teljast til hálfunninna vara, og á plantekrum ef þær eru enn á vaxtartímabili (sjá lið 2.040 til 2.045). Jöfnunartilfærslur vegna taps á vörum í birgðum og/eða plantekrum, sem notaðar eru sem þættir í framleiðslunni, eru á hinn bóginn færðar sem aðrar fjármagnstilfærslur í fjármagnsreikningnum.

⁽²⁾ Þegar styrkur þjónar þeim tvenna tilgangi að fjármagna bæði greiðslur af skuldinni og greiðslu vaxtanna af henni og ekki er unnt að deila honum niður á þessa tvo þætti er farið með styrkinn í heild sem fjárfestingarstyrk.“